

Gátlisti fyrir sveinspróf

- Raða upp öryggjum og liðum í töflu
- Bæta við núll og jarðskinnu ef það eru tveir liðar
- Tengja 4x10q strenginn í neonsettið brúnn-svartur-grár. Jörðin í PEN skinnuna. Muna að nota herslujárnið í allar kraftlagnir.
- Tengja svarta víra frá höfuðvari að mæli
- Tengja brúnan vír (L1) frá mæli að fasaklossa. (ef það eru tveir liðar)
- Tengja brúna víra (L2 og L3) frá mæli ofaná þriggja fasa liðann.
- Tengja saman L1 vírana saman í mælahólfinu í mælatengi (svartur og brúnn) og merkja þá L1, sama gerið þið við L2-L3 og núllið sem er blátt.
- Setja víra inn á mæli í þeirri röð sem þeir eiga að vera. (sjá mynd í TTR)
- Tengja L1 víra frá fasaklossa ofaná báða liða.
- L1 vírar fara lengst til vinstri á liðana, þó við hliðina á núllinu.
- L2 vír fer í miðjuna ofaná þriggja fasa liðann.
- L3 vír fer lengst til hægri á þriggja fasa liðann.
- Bara einn blár vír fer frá PEN skinnunni og fer hann inná mæli, muna að setja ör inn á hann, þar sem mælirinn er.
- Frá mæli fer annar blár vír inná N klossa neðst í töflunni, muna að setja ör út á hann.
- Tengja bláa víra frá N klossa ofaná sitthvorn liðann, lengst til vinstri.
- Muna að setja tvö raðtengi hjá einfasa liðanum, með tengibrú á milli fyrir fasa sem þarf að tengjast frá öryggi, tengil og rofa í tenglarennu og á púlslíðann sem kveikir ljósið í loftinu.
- Setjið þrjú rör niður úr töflunni, eitt fer í sökkulskautið (10q vír). Eitt í jarðbindingu á vatnsgrindinni (10q vír) það síðasta fer í jarðbindingu baðherbergis (6q vír). Tengjið í PEN skinnuna.
- Setjið gagnatengil í smáspennuhólfið og tengið cat streng í hann.
- Setjið strengrennu frá tenglarennu upp að lofti á sama vegg og taflan er á.
- Setjið strengrennu frá töflu uppí loft (ca 6cm frá töflu) passa að pláss sé fyrir rör sem kemur frá töflu og í loftadósina.
- Setjið strengrennu á milli rennanna upp við loft.

- Staðsetjið loftadós í loftið miðað við málsetningu teikningar.
- Setjið töflustút fyrir rörið ofaná töfluna
- Leggið rör frá töflu að loftadósinni, munið að beygja rörið að veggnum
- Leggið kapal frá töflu eftir strengrennunum og niður í tenglarennuna.
- Setjið passandi dósir í rennuna og tengið rofa og tengil þar.
- Setjið líka dós fyrir gagnatengil í tenglarennuna og tengið cat streng í hann.
- Dragið í rörið uppí loftadósina.
- Tengið þær lagnir sem eru komnar þe. Kapitalinn í tenglarennuna, vírana uppí loftadósina og muna að nota herslujárnið í kraftlagnirnar í töflunni.
- Leggið plaströr frá stýrikassanum (kemur í töflustútin) að netbakkanum, í þetta rör kemur stýristrengurinn.
- Setjið upp rofaboxið samkvæmt teikningu
- Leggið utanálíggjandi álör (í rorastóla) frá rofaboxinu að netbakkanum (í þetta rör kemur stýristrengurinn)
- Leggið 5x plastkapalinn frá stýrikassanum að töflunni, fer alveg uppí kverk á básnum. Fer í þéttinippla í bæði töfluna og stýrikassann. Þennan kapal á að neggla með nagglaspennum.
- Tengið 5x kapalinn í töfluna og stýrikassann.
- Tengið kraftrásina í stýrikassanum samkvæmt teikningunni.
- Tengið stýristrenginn í rofaboxið, leyfið því að vera opnu þar til stýringinn er öll tengd.
- Tengið stýristrenginn í stýrikassanum.
- Lokið töflunni með blindlokum og merkið töfluna.
- Sópið básinn og gangið snyrtilega frá básnum.